

Gengið um Svínaskarð

Áður en akvegurinn var lagður vestur fyrir Esjuna lá aðalleiðin milli Vestur- og Norðurlands annars vegar og byggðanna við sunnanverðan Faxaflóa hins vegar um Svínaskarð. Ætlunin er að ganga hinar gömlu slóðir í þetta sinn og hyggja að ýmsu sem áhugavert kann að finnast á þessari leið. Þótt skarðið sé í 481 m hæð yfir sjó og efstu brekkurnar séu nokkuð á fótinn ætti það ekki að koma að sök., ef gönguhraðanum er stillt í hóf. Við öikum sem leið liggur inn í Kjós og hefjum gönguna við brúna á Svínadalsá nokkru fyrir neðan Möðruvelli og fylgjum ánni í áttina að skarðinu. Til að byrja með er leiðin hallalítill og okkur gefst tækifæri til að litast um. Til hægri er Möðruvallaháls, Trana þar suður af og syðst eru Móskaðshnúkarnir. Austan við þá er Skálafellið, með möstrin stóru efst á toppi. Milli þeirra er Svínaskarð, en þangað stefnum við. Fyrir norðan Skálafell eru Skálafellshæðir og þær enda við Írafell gegnt Möðruvallahálsi.

Austan árinna blasir bærinn Írafell við sjónum okkar. Nafnið kemur kunnuglega fyrir, því þaðan er Írafellsmóri ættaður, einn þekktasti draugur landsins. Írafellsmóri var mjög magnaður og vann mörg óþurftarverk. Sumir segja, að hann sé enn á ferðinni, að vísu orðinn lúinn og þróttlítill, og fylgi ákveðnu fólki, sem er afkomendur þeirra, sem Móri var sendur til í upphafi. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er Móra lýst svo: “Hann var klæddur í gráa brók að neðan, hafði mórauða úlpu fyrir bolfat með svartan, barðastóran hatt á hausnum með stórt skarð eða geil inn í barðið upp undir vinstra auga”. Móri hegðaði sér á ýmsan hátt öðruvísi en “kollegar” hans, því hann þurfti bæði rúm til að sofa í og mat að borða. Þetta fékk hann hvorttveggja, því annars hefndi hann sín grimmilega.

Við nálgumst nú efstu brún skarðsins, brattinn eykst, en fyrr en varir stöndum við á vatnaskilum. Þaðan opnast fagurt og vítt útsýni til suðurs. Við sjáum Vífilsfell, Bláfjöllin, Hengilinn, Reykjavík, eyjarnar í Kollafirðinum, byggðina við Sundin en næst okkur eru Haukafjöllin mynduð úr fagurlega löguðu stuðlabergi.

Hér er rétt að stansa um stund, láta þreytuna líða úr sér og taka upp nestið. Við setjumst undir grjóthrógu, sem er í háskarðinu. En hversvegna er þessi mikla grjóthróga? Sögn mun vera til um tvo smala sem deildu um beitiland. Sló í bardaga milli þeirra er lauk svo að þeir lágu báðir dauðir eftir. Þeir voru dysjaðir á þessum stað. En hitt er sennilegra að ferðamenn sem fóru hér um, hafi stansað hér smástund sig þegar upp var komið og samkvæmt venju kastað steini í grjóthrógu, sem smátt og smátt stækkaði eftir því sem stundir liðu.

Óefað hefur Svínaskarðið verið mörgum ferðamanninum erfiður þröskuldur, ekki síst að vetrarlagi í lausamjöll eða harðfenni. Og trúlega hafa margir borið hér beinin í aldanna rás. Á aðfangadag árið 1900 var 15 ára piltur, Elentínus Þorleifsson frá Hækingsdal í Kjós á heimleið frá Reykjavík og fór um Svínaskarð. Þegar hann kom ekki fram á ætluðum tíma var farið að huga að honum. Fannst hann látinn í skafli í háskarðinu. Ekki er vitað um fleiri alvarleg slys á þessari leið eftir þetta.

Eftir góða hvíld höldum við aftur af stað. Nú hallar undan fæti og leiðin sækist greitt. En trúlega freista fjöllin við skarðið þeirra, sem vilja bæta á sig meiri áreynslu. T.d. er austasti Móskaðshnúkinn ekki nema rúmlega 300 m hærri, og brekkan þangað upp auðveld uppgöngu. Útsýnið af hnúknum og Skálafellinu er áhugavert og er einskonar gullmoli, sem ekki svíkur.

Landslagið sem við höfum haft fyrir augum, hefur valdið jarðfræðingum okkar ýmsum heilabrotum. Eins og áður hefur komið fram er Esjan talin vera nærri 3 millj. ára gömul. Ingvar Birgir Friðleifsson jarðfræðingur hefur rannsakað jarðsögu fjallsins

sérstaklega. Hann hefur borið fram þá kenningu að á myndunartíma þess hafi askja með stöðuvatni verið á svæði því sem nú er milli Grimmannsfells og Móskaðshnúka. Eldgos hafi síðan hafist á börmum öskjunnar og í þeim hamförum hafi Móskaðshnúkar myndast. Gos hafi einnig átt sér stað í botni öskjunnar undir vatni og þá urðu Haukafjöllin til. Það skýrir einmitt stuðlabergið sem þar er að finna.

En svo lagðist ísaldarjökullinn yfir landið. Hann skóf og svarf öskjuna niður undan þunga sínum, svo ekkert varð eftir af henni nema norðurbarmurinn, sem við höfum fyrir augum.

Allt þetta heyrir fortíðinni til. Við röltum eftir götunni meðfram Skarðsánni. Yfir hana þurfum við að stikla á einum stað; það ætti ekki að koma að sök. Þá er skammt eftir að Hrafnhólum. Við brúna á Leirvogsa bíður bíllinn eftir okkur. Rólegri og áhugaverðri gönguferð er lokið.

(Mbl. 14. ágúst 1980)